



Alþingi
Erindi nr. P 140/1622
komudagur 13.3.2012

12. mars 2012

Minnisblað

Viðtakandi: Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Sendandi: Seðlabanki Íslands / lögfræðingar

Efni: 608. mál – Frumvarp um breytingu á lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992 með síðari breytingum.

Formaður efnahags- og viðskiptanefndar hefur beint til Seðlabankans eftirfarandi spurningum:

- „Hvort og að hvaða leyti frumvarpið kunnir að skerða eignarrétt aðila með afturvirkum hætti
- Hvort eignarréttur aðila sem keypt hafa HFF bréf í skjóli gildandi reglna sé fyrir borð borinn þannig að bótaskyldu varði fyrir ríkið“

Fyrri spurning

Þó frumvarpið feli í sér skerðingu á heimildum aðila er ekki verið að setja inn nýjar takmarkanir. Breytingin felur í sér að verið er að fella niður almenna undanþáguheimild frá almennu banni laganna í þeim tilgangi að veita Seðlabankanum möguleika til þess að geta haft stjórn á að greiðslur úr þrotabúum valdi ekki neikvæðum áhrifum til að veikja krónuna og stofna þar með stöðugleika hagkerfisins í hættu. Tilgangurinn er ekki að koma í veg fyrir að útgreiðslur úr þrotabúum eigi sér stað, aðeins að hafa stjórn á fjármagnshreyfingum vegna þeirra og þar með koma í veg fyrir að þær geti haft veruleg neikvæð áhrif á þann stöðugleika sem hefur skapast. Undanþáguheimild til slitastjórna gömlu bankanna um frjálsa fjármagnsflutninga erlends gjaldeyris er sértæk en tilgangur með afnámi hennar er sá sami, þ.e. að verja þann stöðugleika sem náðst hefur.

Hvað varðar afborganir og verðbætur af höfuðstól skuldabréfa er með frumvarpinu lagt til að undanþága frá bannákvæði 2. og 3. mgr. 13. gr. c verði felld niður. Eigendur skuldabréfa sem eru gefin út í íslenskum krónum fá eign sína greidda út (þ.e. afborgun og verðbætur), í íslenskum krónum eins og bréfin hljóða á um Þetta þýðir, verði frumvarpið að lögum, að eigendur skuldabréfa fá ekki lengur skipt þessum greiðslum yfir í erlendan gjaldeyri, en greiðsluna fá þeir engu að síður. Verði frumvarpið að lögum mun 2. gr. eiga við um alla þá sem eiga skuldabréf í íslenskum krónum, en ekki eingöngu þá sem eiga HFF bréf. Takmörkunin sem frumvarpið leggur til á fjármagnsflutningum vegna þessara greiðslna er því almenn.

Í 72. gr. stjórnarskrár Íslands er kveðið á um friðhelgi eignarréttarins. Vaknar þá spurningin hvort eigendur HFF bréfa eða kröfuhafar þrotabúa geti átt til þess lögmætar væntingar að ekki yrðu sett höft á fjármagnsflutninga vegna útgreiðslna eða vegna alborgana og verðbóta skuldabréfa með þeim hætti að eignaréttur teldist skertur. Höft á fjármagnsflutninga voru leidd í lög undir lok árs 2008 eftir að fjármálakerfi landsins hafði hrundið. Það var gert með setningu ákvæðis til bráðabirgða í lög um gjaldeyrismál. Lagt var í hendur Seðlabankans að útfæra höftin frekar með setningu reglna „*sem takmarka eða stöðva tímabundið einhverja eða alla eftirtalda flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipta sem þeim tengjast ef slíkar hreyfingar fjármagns til og frá landinu valda að mati Seðlabankans alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum*“. [Leturbr. er blaðritarans]. Reglur Seðlabankans hafa nú verið leiddar í lög um gjaldeyrismál með lögum nr. 127/2011. Það hafa því allt frá upphafi verið þjóðhagslegir hagsmunir eða með öðrum orðum *almenningsþörf*, sbr. orðnotkun 72. gr. stjórnarskrárinnar sem búið hafa að baki því að höft voru lögð á fjármagnsflutninga og þar með að gripið sé til ráðastafana af því tagi sem frumvarpið boðar.

Seinni spurning

Í seinni spurningunni er spurt hvort eignaréttur aðila sem keypt hafa HFF bréf í skjóli gildandi reglna sé fyrir borð borinn þannig að bótaskyldu varði fyrir ríkið. Eins og fram kom hér að framan þá er um að ræða skuldabréf í íslenskum krónum þar sem greiðslur af þeim fara fram í íslenskum krónum. Eignaréttur eiganda bréfanna er því ekki fyrir borð borinn heldur möguleikinn á því að skipta greiðslunum yfir í erlendan gjaldeyri. Eins og fram kom hér að ofan þá hefur það legið fyrir með skýrum hætti, allt frá upphafi þess að höft voru lögð á fjármagnshreyfingar að tilgangurinn þeirra eru almannahagsmunir, þ.e. að koma í veg fyrir óstöðugleika í gengis- og peningamálum. Væntingar fjárfesta hljóta því að verða að taka mið af þessari staðreynd sem og því að fjármagnshreyfingar vegna alborgana og verðbóta byggðust á undantekningarreglu frá höftunum.

Í íslenskum rétti gildir sú almenna regla að skaðabótaábyrgð stofnast vegna tjóns sem valdið er með saknæmum og ólögmætum hætti. Hér að ofan hafa verið leidd að því rök að með lögmætum hætti sé hægt að takmarka möguleika skuldabréfaeigenda til að ráðstafa greiðslum sem þeir fá af eign sinni. Seðlabankinn minnir samt á að dómstólar eiga síðasta orðið hvort almenn lög brjóti í bága við stjórnarskrá.